

**Nefnda- og greiningasvið Alþingis**

Umsagnagátt Alþingis

Flóahreppi, 28. nóvember 2025**Efni: Umsögn Flóahrepps um 175. mál – Innleiðing landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda**

Vísað er til erindis frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 14.11.2025 varðandi mál til umsagnar nr. 175 – innleiðing landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda.

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar tillögu til þingsályktunar um innleiðingu landsbyggðarmats í stefnumótun stjórnvalda.

Líkt og fram kemur í greinargerð þingsályktunar þá er markmið tillögunnar að tryggja að stefnumótun og lagasetning stjórnvalda taki tillit til ólíkra aðstæðna í þéttbýli og dreifbýli. Að mati Flóahrepps er slíkt mat mikilvægt til að forðast að ný lög eða breytingar á lögum og reglugerðum hafi ekki ófyrirséð eða neikvæð áhrif á dreifbýli.

Flóahreppur tekur undir með flutningsmönnum að með samþykkt tillögunnar verði stigið mikilvægt skref til að bæta gæti stefnumótunar og lagasetningar, tryggja jafnræði íbúa landsins óháð búsetu og komið í veg fyrir að landsbyggðin verði fyrir neikvæðum og ófyrirséðum áhrifum af stefnum og lagasetningu stjórnvalda.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar Flóahrepps
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri